

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis.*

Á fundi bæjarráðs í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 16. ágúst 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðunum nr. 2 og 4 við Ketilsflöt í Flatahverfi.

Breytingin felst m.a. í að lóð nr. 2 við Ketilsflöt (leikskólalóð) stækkar og verður rúmlega 8.700 m<sup>2</sup> í stað 6.800 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur stækkar og bílastæðum fjölga um 25. Sparkvelli sem vera átti á lóð nr. 4 við Ketilsflöt er breytt í hverfisvöll og hann minnkaður í 1.200 m<sup>2</sup>.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Eldri auglýsing nr. 754/2007 sem birtist 21. ágúst 2007 er hér með felld úr gildi og er endurauglýst vegna formgalla.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 4. október 2007.*

**Þorvaldur Vestmann,**  
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2007